

REGLUGERÐ
um breytingu á reglugerð nr. 262, 18. maí 1994,
um bann við línuveiðum á norðanverðum Breiðafirði.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný mgr. sem orðist svo:

Þó eru á tímabilinu 4. apríl til 15. maí heimilar línuveiðar vestan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 65°30'00 N - 24°14'00 V
2. 65°22'00 N - 24°19'00 V
3. 65°12'00 N - 24°30'00 V

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 4. apríl 2001.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. apríl 2001.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.